

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að stjórnarráðið samþykkist aðgjörðir yðar í þessu efni. 1868.
16. oktbr.

58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir Íslandi, um að húss- og bústjórnarfélagið verði ekki undanþegið að gjalda burðareyri með póstum. 20. oktbr.

Í bréfi dagsettu 24. júlímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér fyrst um sinn hafið undanþegið húss- og bústjórnarfélag suðuramtsins frá að gjalda burðareyri undir bréf þau, er það sendir með sunnanlandspóstinum út um amtið, og eins undir bréf þau, sem félaginn berast frá fulltrúum þess eða öðrum.

Um þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið sér sér ekki fært að veita samþykki sitt til þessarar ráðstöfunar, bæði sökum þess, að hún er ekki samkvæm ákvörðunum í konungsbréfi 8. júlímán. 1779, og líka vegna þess, að hún kynni marga dilka eptir sér að draga.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bann gegn því, að veiða lunda í net á Vestmannaeyjum. 21. oktbr.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hafði leitað samþykkis stiptamtsins til þess, að hann 23. septembermán. f. á. hafði látið út ganga lögreglu-auglýsingu, er lagði bann fyrir að hafa net til þess að veiða í lunda, hafið þér, herra stiptamtmaður, getið þess í bréfi dagsettu 31. júlímán. þ. á., að þar yður yrði að virðast vafasamt, hvort að þessi ráðstöfun er þess eðlis, að hún verði gjörð með lögreglu-auglýsingu, hafið þér álitnið yður skylt að veita ekki samþykki yðar til hennar, en aptur